

Sb.

585. Tillaga til þingsályktunar

[285. mál]

um breytingu á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., dags. 27. maí 1960.

Flm.: Jón G. Sólnes.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gera breytingu á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., sem nú er í gildi. Verði breytingin við það miðuð, að öll gjaldeyris- og innflutningsviðskipti verði auðveldari í framkvæmd en nú er, t. d. með því að minnka verulega eyðublaðanotkun, skýrslugerðir og þá umfangsmiklu skriffinnsku, sem nú er samfara afgreiðslu slíkra mála. Áhersla verði lögð á það, að ákvæði um vegferð fjármagns að og frá landinu verði gerð mun auðveldari en nú er. Bent er á sem áfanga í þessu máli, að við væntanlegar breytingar á umræddri reglugerð sé við það miðuð, að ákvæði um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. verði hér á landi með svipuðum hætti og gerist í nágrennalöndum okkar, t. d. í Danmörku. Stefnt verði að því, að væntanlegar breytingar á fyrrgreindri reglugerð taki gildi hið allra fyrsta og eigi síðar en 1. júlí 1974.

Greinargerð.

Pegar núgildandi reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. var gefin út hinn 27. maí 1960, var stórt spor stigið í þá átt að gera öll mál viðkomandi gjaldeyris-, innflutnings- og fjármálum í heild mun auðveldari í framkvæmd en verið hafði. Þjóðin hafði um áratugi búið við margs konar kerfi hafta og takmarkana í sambandi við þessi mál, sem á margvíslegan hátt hafði verið dragbítur á athafnasemi, framkvæmdamöguleika og fjármagnssköpun einstaklinga og fyrirtækja og um leið eðlilegan hagvöxt þjóðarinnar í heild. Tilkoma fyrrgreindrar reglugerðar var því mikil úrbót á því vandræðaástandi, sem ríkt hafði í þessum málum til þess tíma, er hún tók gildi.

Á þeim nærri hálfum öðrum áratug, sem liðinn er, frá því að fyrrgreind reglugerð var gefin út, hafa hins vegar orðið svo örar breytingar í heiminum á sviði viðskipta og þá sérstaklega fjármagnsflutnings almennt, að nú er svo komið, að dómi flm. þessarar tillögu, að mörg ákvæði núgildandi reglugerðar eru orðin algerlega úrelt og standa beinlínis í vegi fyrir eðlilegum hagvexti þjóðarinnar í heild.

Högum okkar er þann veg farið nú, að frá því að hafa um aldaraðir verið einangruð þjóð, erum við nú komnir í miðja þjóðbraut að því er snertir samskipti þjóðanna, og er þátttaka okkar í hinum mörgu alþjóðastofnunum, sem við höfum gerst aðilar að, og sívaxandi straumur erlendra ferðamanna til landsins glöggt dæmi þessum staðhæfingum til sönnunar.

Staðreyndirnar blasa því við okkur á þann hátt, að ef við ætlum okkur ekki beinlínis að dragast aftur úr á sviði viðskipta og fjármunamyndunar, þjóðinni allri til ómetanlegs tjóns, verðum við að haga athöfnum okkar á viðskipta- og fjármála-sviðinu á þann veg, að þær samrýmist viðurkenndum alþjóðlegum leikreglum.

Flm. telur, að brýnasta og nauðsynlegasta aðgerðin til úrbóta í þessum málum og um leið sú auðveldasta sé að gera hið allra fyrsta breytingu á reglugerð þeirri, sem rætt er um í þingsályktunartillögu þessari. Alveg sérstaka áherslu leggur flm. á nauðsyn þess, að gerðar verði ráðstafanir til þess að gera vegferð fjármagns að og frá landinu greiðari en nú er. Flm. bendir á þá kosti, sem að hans áliti eru fólgðir í því, að hægt er á mjög svo auðveldan hátt að lagfæra með reglugerðarbreytingu helstu annmarkana, sem hann telur vera á þessum málum, í stað þess að þurfa að samþykkja lagabreytingu, sem þarfnast mundi mikillar undirbúningsvinnu og margs konar athugana, sem að sjálfsögðu tækju langan tíma og frestuðu um of þeim aðgerðum, sem flm. telur, að þurfi að koma til framkvæmda hið allra fyrsta.